

Kennsluáætlun 2026-2027

1. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari: Jenny, Lára og Vigdís



Markmið:

Að nemendur

- geti nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- geti borið saman mismunandi stærðir og þekki hugtökin meira en, minna en og jafnt og.
- tjái sig um reglur í einföldum talnarunum og myndrænum mynstrum og spái fyrir um framhald mynsturs.
- geti mælt stuttar vegalengdir með óstöðluðum mælieiningum s.s. bréfastekjum o.fl.
- geti æft sig á stærðfræðilegum viðfangsefnum í gegnum leik og spil.
- geti raðað náttúrulegum tölum frá 0-1000 í rétta stærðarröð.
- þekki 10 vinna og nýti sér þá við útreikninga.
- öðlist góða færni við samlagningu og frádrátt talna upp í 100.
- þekki verðgildi peninganna 1 kr, 5 kr, 10 kr, 50 kr og 100 kr.
- geti tjáð sg um reglur í einföldum mynstrum, bæði talna og mynda.
- öðlist færni í að mæla með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum.
- átti sig á hinum ýmsu lengdum og tengi þær við líkamsparta og skreflengdir.
- þekki algengustu formin.
- Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákni $+$ $-$ $=$ $>$ og $<$
- geti lesið heilu og hálfu tímana á klukku.
- þekki formin og hugtökin yfir ferning, rétthyrning, hring, þríhyrning, ferhyrning, fimmhyrning, trapísu, tígul og samsíðung.

Kennsluáðferðir/vinnulag:

Kennslustund hefst á upprifjun fyrri tíma og við tekur svo innlögn á efni tímans. Nemendur vinna í stuttum vinnulotum, í kringum 20 mínútur í senn ásamt uppbroti í miðju tímans. Uppbrotið reynir á t.d. félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans ásamt fleiru.

Nemendur hafa sinn námsfélaga og munu þeir af og til kljást saman við ýmsar spurningar sem hvetja til samræðna tengt efninu. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í þörum/hópum með skólafélögum. Nemendur vinna einstaklingslega í vinnubókum en geta leitað eftir aðstoð sessunautar ef svo ber undir. Í verkefnum frá kennurum vinna nemendur oft í hópum og styðja hvert annað í náminu. Verkefnum utan vinnubóka er safna í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum.

Tvisvar í viku eru kennslustundir skipulagðar sem “hringekja” þar sem nemendum er skipt í þrjá hópa og fær hver hópur afmarkað viðfangsefni til að kljást við. Verkefnin eru af fjölbreyttum toga, t.d. verklegar æfingar, vinnublöð/-bækur, gagnvirkar æfingar o.fl.

Námsmat:

- Leiðsagnarnám/-mat verður leiðarljós við allt námsmat.
- Nemendur meta sín verkefni ásamt kennurum og fá endurgjöf á vinnu sína.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt stöðumat á 5-6 vikna fresti til að rifja upp það sem búið er að gera og festa ýmis hugtök og aðgerðir betur í minni nemandans.
- Við lok hverrar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna.

Námsgögn:

- Sproti 3b, Sproti 4a/4b.
- Námsfnið Evolytes (námsbók og tölvuleikur).
- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Leikur að læra.
- Námsleikir á vef.